

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag lögbýlisins Hraunvellir á Skeiðum.

Deiliskipulagið nær yfir 30 ha spildu lögbýlisins Hraunvellir. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi og útihúsum auk fjögurra frístundalóða.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. júlí 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. október 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. nóvember 2007